

Reykjavík 31.05.2022

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009

Mál nr. 569/2022

Reon hefur frá stofnun 2011 tekið virkan þátt í frumkvöðlastarfi á Íslandi. Það hefur ávallt verið stefna félagsins að styðja eftir bestu getu við nýsköpunar- og frumkvöðlastarf enda hefur öflug nýsköpun jákvæð áhrif á allt efnahagslífið og þar af leiðandi okkar rekstur. Sem liður í þessari stefnu okkar rekum við nýsköpunarsetrið Musterið ásamt KPMG, þar sem fjöldi nýsköpunarfyrirtækja hefur átt aðsetur í gegnum árin. Einnig stöndum við að Frumgerðinni, sem er fullbúið verkstæði til frumgerðasmíðar sem opið er fyrir frumkvöðla og hefur aðstöðu í húsnæði Tækniseturs.

Við hjá Reon teljum okkur hafa ágætis innsýn inn í þær áskoranir sem standa frammi fyrir frumkvöðlum af öllum stærðum og gerðum og höfum í gegnum tíðina séð áhrif mismunandi opinberra stuðningsverkefna á nýsköpunarsamfélagið. Við fögnum því að verið sé að framlengja aukinn stuðning við nýsköpun í kjölfar COVID og teljum vel þörf á. Það eru nokkur atriði við frumvarpið sem okkur langar til að benda á og leggja til:

1. Stuðningur við nýsköpun eftir stærð og frádráttarhlutfall

Frumvarpið leggur til lækun á frádráttarhlutfalli lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá eldra bráðbirgðaákvæðinu (úr 35% í 30%) og eftir 2023 færist frádráttur aftur niður í flata prósentutölu (20%) á öll fyrirtæki.

Við viljum tala fyrir því að sprotafyrirtæki sem standa í nýþróun ættu að njóta meiri hlutfallslegs frádráttar og ætti að vera gert að varanlegri reglu. Við teljum m.a. að þetta ýti undir réttari eignfærslur hjá fyrirtækjum sem gefur betri mynd af því hvaða verðmæti er í raun og veru verið að skapa.

Við höfum einnig upplifað, eftir að bráðabirgðaákvæðið var sett inn í upphafi COVID, að skapast hefur meiri umræða um markvissa nýsköpun í stærri fyrirtækjum þar sem við þekkjum til. Mögulega vegna umfjöllunarinnar sem frumvarpið fékk á sínum tíma, þegar frádráttarhlutfallið var hækkað, en einnig vegna þess að ávinningur þess að leggjast út í þróun og nýsköpun er mun meira aðlaðandi í núverandi fyrirkomulagi.

Við viljum leggja til að sett verði upp þrepaskipt frádráttarhlutföll, t.d.

- Stór fyrirtæki - frádráttur upp á 25 hundraðshluta
- Miðlungs fyrirtæki - frádráttur upp á 30 hundraðshluta
- Lítil fyrirtæki - frádráttur upp á 35 hundraðshluta.

og að fyrirkomulagið verði sett inn varanlega en ekki til bráðbirgða. Rétt væri einnig þegar horft er til kostnaðar við skattafrádráttinn að horfa til og meta ávinninginn til lengri tíma ef hærra hlutfall leiðir til aukinnar nýþróunar.

2. Hámarksfjárhæðir

Frumvarpið leggur til lækun á hámarksfjárhæð sem sækja má um. Við veltum fyrir okkur hvort verið sé að taka nægjanlegt tillit til þeirra hækkana sem hafa orðið á þróunarkostnaði (sem oft á tíðum er að stórum hluta launakostnaður) undanfarin ár þegar viðmiðunarfjárhæðir eru ákvarðaðar. Benda má á að árið 2021 hækkuðu meðallaun í landinu um rúm 7% og hafa þau hækkað um 50-60% frá 2015. Í raun felur föst tala í sér að frádráttarupphæð lækkar að raunvirði á hverju ári og sérstaklega í hávaxta- og verðbólgukeiði.

3. Samvinna félaga innan samstæðu

Okkur langar að nýta tækifærið í þessari umsögn til að benda á atriði sem við höfum rekið okkur á í tengslum við þróun innan samstæðufélaga. Jafnvel þó félög innan samstæðu séu samsköttuð þá er ekki hægt að nýta kostnað í fyrirtækjum samstæðu sem koma að þróunarverkefnum í eigu móðurfélags til frádráttar vegna þróunar.

Þetta þýðir að samstæðufélag sem rekur margar rekstrareiningar þar sem mismunandi

Þekking liggur innan hvers félags á erfitt með að fara í þróunarverkefni og nýta sér kostnað sem fellur til hjá dótturfélögum sem koma að verkefni með sína sérþekkingu.

Sem dæmi má nefna að ef Reon, sem er hugbúnaðarfyrirtæki, ákveður að fara í þróunarverkefni og í því verkefni nýta þekkingu hjá dótturfélagi Reon sem sérhæfir sig t.d. í gagnavinnslu þá er kostnaður Reon vegna aðkeyptrar vinnu hjá dótturfélaginu ekki frádráttarbær en ef Reon hefði keypt utanaðkomandi ráðgjöf við gagnavinnslu frá öðru félagi ótengdu Reon þá gæti sá kostnaður verið frádráttarbær.

Við teljum að betur mætti fara í þessum efnum og hvetjum til þess að fyrirkomulag í samstarfsverkefnum á milli fyrirtækjaeininga undir sameiginlegu eignarhaldi verði endurskoðað með það að markmiði að ýta undir nýsköpun og samstarf hjá sérhæfðum fyrirtækjum í fyrirtækjasamstæðum.

Fh. stjórnar Reon ehf.



Elvar Örn Þormar